

Verslunarfyrirtæki innan SVP-Samtaka verslunar og þjónustu hvetja til aukinnar hollustu og betri lífshátta með neyslu hollari fæðu og aukinni hreyfingu

Rannsóknir sýna að þjóðin er of þung og hrjád af ofgnótt og sjúkdómum. Ástæðan er rangt matarræði og of lítil hreyfing. Verslunin telur mikilvægt að stuðla að lausn þessa vanda með auknu framboði hollra matvæla og upplýsingum til neytenda og starfsmanna. Af hverju borðar fólk eins og það gerir? Af hverju notar það ekki stærri hluta þess mikla og vaxandi úrvals hollrar matvöru sem í boði er og nýtir sér næringarfræðilega þekkingu sem það á greiðan aðgang að? Aukið heilbrigði og betri lífsstíll er eftir-sóknarvert markmið einstaklinga og þjóðarinnar allrar.

Hvað getur verslunin gert til að vinna að þessu markmiði?

- Innkaup og sala hollra matvara og áberandi staðsetning þeirra í sölu-rými verslana.
- Sérstök merking hollra vara sem vekur athygli neytenda á þeim.
- Upplýsingar og fræðsla um hollar matarvenjur í verslunum, auglýs-ingum, fjölmiðlum, á vefsíðum o.s.frv.
- Hvatning til aukinnar hreyfingar.
- Átaksverkefni til að auka hreyfingu og holla lífshætti.
- Kostun verkefna sem stuðla að sama markmiði.

Áskorun til stjórnvalda:

- Útgáfa hollustuviðmiða í mat, t.d. hollustumerkingar á einstakar mat-vörur (sykur, salt, fita, mettuð fita, hitaeiningar).
- Skólastarf geri ráð fyrir fræðslu um þessi mál.
- Almenn kynning á hollustuviðmiðum sbr. framanritað og áherslu á næga hreyfingu.

Eftirtalin verslunarfyrirtæki sameinast um ofangreind markmið til hags-bóta fyrir neytendur, starfsfólk sitt og þjóðina alla.

Reykjavík 13. september 2007

Fjarðarkaup hf.

Hagar hf.

Heilsuhúsið

Kaupás hf.

Samkaup hf.